

# prentarinn

MÁLGAGN FÉLAGS BÓKAGERÐARMANNA

1.30.2010

**LITNEFND PRENTARANS:**

Hrafnhildur Ólafsdóttir,  
ritstjóri og ábyrgðarmaður.  
Anna Helgadóttir  
Hrönn Jónsdóttir  
Þorkell S. Hilmarsson

*Ábendingar og óskir  
lesenda um efni í blaðið  
eru vel þegnar.*

**LETURGERÐIR Í  
PRENTARANUM:**

Fairfield LH  
Avenir  
ITC Stone Informal

**UMBROT OG HÖNNUN:**

Oddi ehf.

**PRENTUN:**

Prentmet ehf.

**BLS FENISYFIRLIT**

- 2 Kjarabing FBM 2010 – niðurstöður
- 3 FBM í 30 ár
- 4 Látnir félagar
- 5 Verðlaun í auglýsingasamkeppni Sameinuðu þjóðanna
- 5 Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík styrkir barnafjölskyldur
- 6 Um 71% af bókatitlum prentaðir á Íslandi
- 6 Jólakaffi eldri félaga
- 7 30 ára afmæli FBM
- 8 RGB verkefni lðunnar
- 9 Golfmót FBM
- 9 Knattspyrnumót FBM
- 10 Útskrift – Bridgemót – Hraðskákmót
- 11 Rafbækur
- 12 Tilboð til atvinnuleitenda
- 14 Stjórn – Trúnaðarráð Trúnaðarmenn FBM
- 16 Starfsendurhæfingasjóðurinn VIRK
- 18 Grillað í Goðalandi
- 20 Náms- og starfsráðgjöf lÐUNNAR
- 21 Prenttæknistofnun gefur Tækniskólanum Apple tölvur
- 22 Gamli tímin í offsetprentun



*Forsíðuna gerði  
Hjörtur Guðnason  
Framlag hans til forsíðu-  
keppni Prentarans.*

# Kjarabing FBM 2010 – niðurstöður

Kjarabing Félags bókagerðarmanna var haldið miðvikudaginn 27. október kl. 16 til 19 í sal félagsins í Hverfisgötu 21. Þingið var liður í undirbúningi félagsins fyrir komandi kjaraviðræður. Boðsbréf var sent á 45 manna úrtak úr félagaskrá en var einnig opið öllum félagsmönnum.

Þátttakendur voru 27 félagsmenn, sem mynduðu þrjá hópa. Hópstjórar voru Hrafnhildur Ólafsdóttir, Oddgeir Þór Gunnarsson og Þorkell Svarfdal Hilmarsson. Dalla Ólafsdóttir starfsmaður ASÍ hafði yfirumsjón með þinginu.

Í hópavinnunni voru lagðar fram þrjár spurningar, í þremur umferðum. Hver umferð fór þannig fram að þátttakendur byrjuðu á að skrifa tillögur sínar á miða og síðan var rætt um þær innan hópsins. Næst var tillögunum forgangsraðað með atkvæðagreiðslu. Efstu fimm atriðum úr hverri umferð, frá hverjum hópi, var síðan raðað á töflur og í lokin greiddu allir þátttakendur atkvæði um allar tillögur sem fram komu.

Spurningarnar þrjár voru:

- 1. umferð:** Hvaða kjaramál eru brýnust hjá bókagerðarmönnum?
- 2. umferð:** Hvaða réttindamál eru brýnust hjá bókagerðarmönnum?
- 3. umferð:** Hvaða áherslur á að fara fram með í sameiginlegum kröfum verkalýðshreyfingarinnar?

Hér eru þau atriði sem fengu flest atkvæði í hverri umferð:

- 1. umferð:** Hvaða kjaramál eru brýnust hjá bókagerðarmönnum?
  - Afnema á verðtryggingu með öllu, annars að verðtryggja laun svo kaupmáttur haldist – setja á rauð strik
  - Færa kauptaxta nær greiddu kaupi samkvæmt kjarakönnun félagsins
  - Kauptaxtar hækki um 10-15%
  - Að allir fái almenna krónutöluhækkun
  - Vaktaálag verði sett í tvö þrep
  - Aukavinna verði 1% af mánaðarlaunum
  - Launaviðtöl verði skylda einu sinni á ári
  - Styttu vinnuvikuna
  - Hækka yfirvinnutaxtana

Hóparnir voru sammála um að afnema ætti verðtryggingu með öllu eða að verðtryggja laun – setja rauð strik, þannig að framfærsla og laun haldist í hendur og kaupmáttur verði tryggður. Færa á kauptaxta nær greiddum launum eins og þau birtast í kjarakönnun FBM og SI en einnig á að hækka laun almennt. Frí í stað

yfirvinnu á að hafa margföldunarstuðulinn 1,8. Styttu á vinnuvikuna og skylda atvinnurekendur til að veita starfsmönnum launaviðtal einu sinni á ári.

**2. umferð:** Hvaða réttindamál eru brýnust hjá bókagerðarmönnum?

- Styttu vinnuvika fyrir sömu laun
- Fleiri veikindadaga til að sinna börnum, öldruðum og sjúkum ættingjum
- Samningstíminn verði stuttur
- Útfarafrí verði veitt 2-3 á ári

Hóparnir voru sammála um að styttu ætti vinnuvikuna, helst þannig að sömu laun fengjast fyrir styttri vinnuviku. Sækja ætti fleiri veikindadaga til að sinna börnum, öldruðum eða sjúkum ættingjum, sérstaklega þó vegna barna. Réttindi til náms á vinnutíma verði aukin. Samningstími næstu kjarasamninga verði stuttur. Einnig var umræða um að félagsmenn fengju frí til að sækja útfarir 2-3 á ári.

**3. umferð:** Hvaða áherslur á að fara fram með í sameiginlegum kröfum verkalýðshreyfingarinnar?

- Samflot og samstaða aðildarféлага ASÍ lykilatriði
- Hækkun persónuafsláttar
- Verðtrygging verði afnumin eða sett á allt, þar með talin laun
- Styðja við aðild að ESB
- Lækka skatta á matvöru
- Jafna lífeyrisréttindi
- Nýjan gjaldmiðil
- Hækka atvinnuleysisbætur og lengja bótatímabil
- Hærri skattleysismörk

Hóparnir voru sammála um að samflot og samstaða aðildarféлага Alþýðusambandsins væri lykilatriði til að sækja fram gegn stjórnvöldum. Mikilvægt væri að hækka persónuafslátt. Lækka ætti skatta á matvöru. Verðtryggingu ætti að leggja niður eða setja hana á laun. Styðja á aðild að ESB. Breyta þarf og jafna lífeyrisréttindi launafólks á opinberum og almennum markaði og jafna uppsagnarétt þeirra. Hækka þarf atvinnuleysisbætur og lengja bótatímabil. Umræður urðu líka um jafnrétti og jöfnun launa milli kynjanna.

Niðurstöður frá þinginu voru lagðar til grundvallar við mótun kröfugerðar FBM í komandi kjarasamningum. Vinnsla endanlegrar kröfugerðar er í höndum trúnaðarráðs félagsins. Lokakröfugerð var lögð fram fyrir félagsfund 7. desember sl. og samþykkt.

# FBM í 30 ár

GEORG PÁLL SKÚLASON, OKTÓBER 2009.

Á þessu ári eru 30 ár síðan við stofnuðum Félag bóka-gerðarmanna. Þá gengu Bókbindarafélag Íslands, Grafíska sveinafélagið og Hið íslenska prentarafélag, til samstarfs. Það sem gerði þetta nauðsynlegt þá var þróunin í tækni og einnig það að félögin voru það lítil hvert um sig að þau gátu ekki uppfyllt þarfir og væntingar félagsmanna.

Mig langar að nefna nokkur atriði sem hafa skilað okkur áfram á liðnum árum eða frá stofnun félagsins 2. nóvember 1980.

Þrátt fyrir að nálgun mín sé á þessi 30 ár vil ég ekki kasta rýrð á þann árangur sem forverar FBM náðu í þeirri áratugabaráttu sem háð var allt frá 1897 þegar prentarar stofnuðu HÍP. Haldið var eftirminnilega upp á 100 ára afmæli bókagerðarmanna árið 1997 með útgáfu sögu félaganna og endurútgáfu stéttartals bókagerðarmanna, sem seldust svo vel að ætla má að bindin þrjú hafi ratað inná flest heimili félagsmanna á þeim tíma.

Ef litið er til kjarasamninga FBM hafa m.a. eftirtalin atriði bæst við réttindi félagsmanna:

Réttindi vegna veikinda barna, desember- og orlofsuppbætur, samningur um Prenttæknistofnun sem nú er hluti af IÐUNNI fræðslusetri og réttur til að sækja endurmenntun í vinnutíma.

Nýr vaktavinnukafli kjarasamningsins sem er með þeim allra bestu hér á landi. Breytt ákvæði í kjarasamningi um lágmarkshvöld. Dánar-, slysa- og örorkubótaréttur, kafli í kjarasamningnum sem hefur verið endurskoðaður og bættur reglulega. Iðgjöld til lífeyrissjóðs hafa hækkað og eru nú samtals 12% af heildarlaunum í stað 10% af dagvinnutaxta. Þar til viðbótar er möguleiki á séreignarsparnaði þar sem félagsmaður leggur fram 2%-4% og fær þá 2% mótframlag frá atvinnurekenda af öllum launum. Jafnframt sem iðgjöld í lífeyrissjóð njóta skattfrestunar. Þá hefur verið samið um starfsendurhæfingarsjóð til að vinna að úrræðum fyrir félaga sem þurfa á endurhæfingu að halda til að komast að nýju út á vinnumarkaðinn eftir veikindi.

Réttur til að gerðir séu ráðningarsamningar þar sem öll atriði sem varða ráðningarkjör komi fram og séu skjalfest. Aukið orlof, en nú er 30 daga sumarorlof hjá félagsmönnum sem starfað hafa a.m.k. 10 ár í greininni auk þess sem vetrarorlof bætist við og þá verður sumarorlof 25 dagar og vetrarorlof 10 dagar eða samtals 35 daga orlof á ári.

Kjarakannanir, samningsbundinn réttur til að gerðar séu launakannanir a.m.k. einu sinni á ári sem kostaðar eru af báðum samningsaðilum. Niðurstöður hafa félagsmenn nýtt sér í einstaklingsbundnum samningum. Auk þess sem kaup- taxtar hafa verið færðir nær greiddu kaupi hverju sinni.

Fræðslusjóður, sem byggður var á grunni sambærilegra sjóða forvera FBM, veitir styrki til að félagsmenn geti sótt

sér hina ýmsu fræðslu s.s. viðbótarnám eða tómstundanám. Fjölmörg dæmi eru um að félagsmenn hafi nýtt sér möguleika til að sækja sér viðbótarnám og styrkja stöðu sína innan prentiðnaðarins eða á vinnumarkaði og komast þannig í aðrar starfsgreinar þegar tæknibreytingar og samdráttur í prentiðnaði hafa dregið úr atvinnutækifærum.

Þessi atriði eru það helsta sem ég vildi nefna sem varða breytingar á kjarasamningi Félags bókagerðarmanna frá stofnun þess 1980.

Mikilvægt er að halda til haga að þessi atriði og fjölmörg önnur réttindi, sem sett hafa verið í lög, hafa ekki aðeins áunnist fyrir baráttu FBM, heldur með samtakamætti launafólks á vinnumarkaði en FBM hefur verið aðili að Alþýðusambandi Íslands frá árinu 2003.

Samtakamátturinn er það sem gildir og er yfirsterkari einstaklingsbundnum samningum.

Það liggur ljóst fyrir að réttindi sem byggð hafa verið upp haldast ekki óbreytt, án þess að staðinn sé vörður um þau og félagsmenn séu meðvitaðir um að nýta réttinn. Það reynir verulega á við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu.

Einnig vil ég nefna breytingar sem snerta Sjúkrasjóð sem veitt hefur félagsmönnum sem lent hafa í lengri veikindum og þurft að fullnýta rétt í kjarasamningi kærkomið öryggi með greiðslu sjúkradagpeninga. Jafnframt veitir sjóðurinn margvíslega styrki sem snýr að forvörnum, endurhæfingu, krabbameinsleit og fleiru þegar félagsmenn verða fyrir óvæntum áföllum.

Þá má ekki gleyma að nefna glæsileg orlofshús félagsins og orlofsaðstöðu í Miðdal. En nú nýlega var tekinn í notkun nýr orlofshúsavefur þar sem félagsmenn geta skoðað laus orlofshús, bókað þau og gengið frá greiðslu. Vefurinn hefur mælst vel fyrir, hann auðveldar aðgengi félagsmanna að orlofshúsunum og eykur nýtingu.

En hvernig sjáum við fyrir okkur framtíð félagsins næstu árin?

Það er ekki í fyrsta sinn núna sem við í Félagi bókagerðarmanna stöndum frammi fyrir miklum tæknibreytingum. Þær hafa verið ein samfelld saga og enn bætir í þar sem rafbókin er í mikilli þróun.

Ekki ætla ég að spá hvaða breytingar sú tækni mun hafa á okkar greinar en hér gildir sama lögmál og við höfum ætíð tamið okkur. Að efla þekkingu okkar og takast á við nýjungar með því að félagsmenn okkar hafi ætíð kost á því besta í símenntun og það gerðum við með því að stofna Prent-



tæknistofnun á sínum tíma og hefur hún verið þungamiðjan í símenntun okkar félagsmanna ásamt Fræðslusjóði.

Á árinu 2006 var Prenttæknistofnun ein nokkurra fræðslumiðstöðva í iðnaði sem stofnuðu IDUNA fræðslusetur sem hefur bætt við flórana af námsmöguleikum félagsmanna.

Við stofnun félagsins voru 803 félagar og þegar mest var fór félagafjöldinn yfir 1260 um það leyti sem Félag grafískra teiknara sameinaðist félaginu árið 2001.

Í dag eru 1070 félagsmenn, þar af eru 870 á vinnumarkaði og um 65 í atvinnuleit. Fækkun félagsmanna undanfarin tvö ár er um 13% og má rekja fækkunina til mikils samdráttar sem skall á prentiðnaðinum og hjá auglýsingastofum árin 2008 og 2009.

Í ljósi þessara breytinga þurfum við að skoða stöðuna. Er

FBM nægilega sterkt til að takast á við framtíðina eitt og sér eða þurfum við að leita samstarfs við önnur iðnaðarmannafélög til að geta staðist þær kröfur og væntingar félagsmanna sem gerðar eru í dag?

Undanfarið hefur verið efnt til samstarfs meðal allra helstu iðnaðarmannafélaga á landinu og fram hefur komið mikill áhugi fyrir auknu samstarfi þrátt fyrir að ekki liggi fyrir neinar formlegar tillögur að sameiningu félaga.

Fyrir liggur að félög í prentiðnaði á Norðurlöndum og í Evrópu hafa leitað sameininga undanfarin ár og erum við eitt af mjög fáum sem enn standa eftir sem sjálfstætt félag í prentiðnaði. Afar mikilvægt er að leggja áfram áherslu á persónulega þjónustu við félagsmenn og tengingu við greinina þegar framtíðin er ákveðin.

*Georg Páll Skúlason, desember 2010*

## Látnir félagar



**Vigfús Björnsson**  
fæddur 20. janúar 1927.

Hóf nám í bókbandi í Gutenberg 1. maí 1945 og lauk námi s.st. 30. apríl 1949. Sveinsbréf 13. maí 1949. Meistarabréf 10. apríl 1951. Framhaldsnám í Fagskolen for Boghaandværk í Kaupmannahöfn. Vigfús vann í Hólum veturinn 1949-1950 og hóf starf í Prentverki Odds Björnssonar á Akureyri sumarið 1950, verkstjóri frá sumrinu 1951 til 1981. Vigfús lést 6. janúar 2010.



**Ari Bergþór Fransson**  
fæddur 2. júní 1924.

Varð félagi 4. október 1948. Hóf prentnám í Ísafoldarprentsmiðju 21. mars 1942, lauk prófi í setningu 9. maí 1946. Sveinsbréf 11. júní 1948. Meistarabréf 3. október 1967. Ari starfaði í Prentsmiðju Morgunblaðsins frá 1946 til 1955, síðan í ýmsum prentsmiðjum um árabil. Var prentsmiðjustjóri í Prentsmiðju Alþýðublaðsins 1967-1969, starfaði í prentsmiðju Tímans 1969-1972, Blaðaprenti 1972-1982, og á dagblaðinu Tímanum 1982-1993. Ari lést 18. mars 2010.



**Ingvar Einar Bjarnason**  
fæddur 2. mars 1922.

Varð félagi 27. september 1943. Hóf prentnám í Prentsmiðju Jóns Helgasonar 1. ágúst 1938. Fór þaðan 1. janúar 1942 í Víkingsprent og lauk prófi 30. ágúst 1943. Ingvar starfaði áfram í Víkingsprent til 1. október 1944. Vann tæplega 1½ ár í Prentsmiðju Björns Jónssonar á Akureyri. Ræddist til Prentsmiðju Þjóðviljans í Reykjavík 1946, hætti þar 27. júlí 1948 og stofnaði sama dag Þórsprent í Reykjavík. Flutti með það til Neskaupstaðar 1952 og stofnaði þá Nesprent. Ingvar var þar við prentstörf og sjósókn til 1957, flutti þá aftur til Reykjavíkur og vann í Víkingsprenti 1957-1961 og síðan í Gutenberg 1962-1989. Stofnaði litla prentsmiðju í Kópavogi 1989, Prentstofu Ingvars Bjarnasonar. Ingvar lést 2. apríl 2010.



**Leifur Gunnarsson**  
fæddur 17. ágúst 1949.

Varð félagi 15. maí 1972. Hóf nám hjá föður sínum í Félagsbókbandinu 15. maí 1968 og lauk námi þar 14. maí 1972. Sveinsbréf 11. nóvember 1972. Nám í Verslunarskólanum. Leifur starfaði í Félagsbókbandinu, m.a. sem verkstjóri og meðeigandi í Félagsbókbandinu-Bókfelli. Í Prentmet frá 1. mars 2003 og síðan í Íslandsprenti, Gutenberg og Bókadrekanum. Leifur lést 6. apríl 2010.



**Gísli Ólafur Emilsson**  
fæddur 16. september 1924.

Varð félagi 16. september 1970. Gísli starfaði sem aðstoðarmaður í prentun í Prentsmiðjunni Eddu 1966-1972, í Blaðaprenti hf. 1972-1991 og í Odda hf. 1991-1995. Gísli lést 30. apríl 2010.



**Ásgerður Jóhannesdóttir**  
fædd 14. apríl 1956.

Varð félagi 12. ágúst 2008. Ásgerður starfaði við aðstoðarstörf í Prentmeti Suðurlands frá febrúar 2008. Ásgerður lést 7. júní 2010.



**Jón Bryntýr Magnússon**  
fæddur 23. nóvember 1928.

Varð félagi 21. janúar 1952. Hóf prentnám í Alþýðuprentsmiðjunni 15. júlí 1945. Sveinsbréf 12. nóvember 1951. Jón Bryntýr starfaði í Alþýðuprentsmiðjunni 1945-1980 og í Hagprenti 1980-1995. Var trúnaðarmaður í Alþýðuprentsmiðjunni 1963-1980. Jón Bryntýr lést 16. júní 2010.





**Björn Eyþórsson**  
fæddur 16. nóvember 1930.

Varð félagi 9. júlí 1951. Hóf nám í í setningu í Borgarprenti 1. janúar 1947. Sveinspróf 27. maí 1951. Vann í Borgarprenti til maíloka 1954. Björn starfaði við iðn sína á Íslandi og erlendis. M.a. starfaði hann í 12 ár á Morgunblaðinu. Í Prentsmiðjunni Eddu frá október 1981 þar sem hann starfaði við vélsetningu þar til hún var lögð niður

1985. Lærði hæðarprentun í Eddu og starfaði þar til 1994 þegar prentsmiðjan sameinaðist G.Ben og varð síðar Grafík, þar sem hann starfaði síðustu árin. Björn lést 17. júní 2010.



**Trausti Finnbogason**  
fæddur 24. október 1939.

Varð félagi 30. janúar 1961. Hóf nám í Prentsmiðju Þjóðviljans 1. nóvember 1956. Sveinspróf í prentun 13. nóvember 1960 og sveinspróf í offsetprentun 31. maí 1980. Trausti starfaði í Prentsmiðju Þjóðviljans til 1961, var nokkra mánuði í Prentsmiðjunni Eddu, í Prentsmiðjunni Odda til 1964, í Alþýðuprentsmiðjunni til 1966, Prentsmiðjunni

Hilmi til miðs sumars 1969, síðan í Félagsprentsmiðjunni til 1974, þá í Solnaprenti og sem eigandi frá 1979 ásamt Þórði R. Jónssyni og Hlödver Oddssyni frá 1992. Starfaði í Gutenberg frá hausti 2000 þar til hann lét af störfum vegna aldurs. Trausti lést 4. september 2010.



**Gísli Hauksson**  
fæddur 15. desember 1960.

Varð félagi 1990. Hann lærði setningu í Prentsmiðju Árna Valdemarssonar. Sveinspróf 14. janúar 1990. Gísli vann síðan í Litrófi og síðan á auglýsingastofunni Góðu fólki og nú síðast á auglýsingastofunni EnnEmm. Gísli lést 29. október 2010.



**Eymar Ísfeld Karlsson**  
fæddur 23. október 1927.

Varð félagi 21. júní 1983. Starfaði hjá Plastprenti 1965 til 1974 og hjá Plastos frá 1974 til 1997 og frá 1997 hjá P.M.T þar til hann lét af störfum vegna aldurs. Eymar lést 27. nóvember 2010.



**Ásta Kristjánsdóttir Bjartmars**  
fædd 4. júlí 1917.

Varð félagi 1. janúar 1976. Starfaði við aðstoðarstörf í Prentsmiðjunni Eyrúnu í Vestmannaeyjum. Ásta lést 10. desember 2010.

## Verðlaun í auglýsingasamkeppni Sameinuðu þjóðanna



Stefán Einarsson hönnunarstjóri hjá Hvíta húsinu fékk fyrstu verðlaun í samkeppninni „Unleash Your Creativity Against Poverty“, sem Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna í Brussel efndi til í Evrópu. Verðlaunin voru afhent 10. september sl. í Madríd á Spáni. Alls bárust 2.030 auglýsingar, en auk þess að sigra keppnina átti Stefán auglýsingu í þriðja sæti og alls þrjár af þrjátíu sem valdar voru til að keppa til úrslita. Sigurauglýsingin nefnist: „Kæru leiðtogar, við biðum enn“, og er þar vísað til loforða leiðtoga heims um að helminga fátækt í heiminum fyrir árið 2015.

Í þakkarræðu sinni bar Stefán Einarsson Ísland á dögum efnahagshrunsins saman við þann daglega veruleika sem blasti við stórum hluta mannkynsins í þróunarríkjunum. „Okkar kreppa er að mestu lúxuskreppa, við höfðum of mikið og höfum ennþá nóg. Við ættum að minnast þess með þakklæti á hverjum degi að við erum á meðal þeirra fáu heppnu í heiminum sem höfum aðgang að hreinu vatni, mat, lækniþjónustu, menntun, húsnæði og öryggi.“

Auglýsingin hefur birst og mun birtast í mörgum af helstu stórblöðum Evrópu sem voru samstarfsaðilar Sameinuðu þjóðanna.

## Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík styrkir barnafjölskyldur



F.v. Vilborg Oddsdóttir, Fanney Friðriksdóttir, Jónas Þórisson, Georg Páll Skúlason og Björn Ágúst Sigurjónsson.

7. desember síðastliðinn veitti fulltrúaráð verkalýðsins hjálparstarfi kirkjunnar styrk að upphæð kr. 500.000. Hjálparstarfi kirkjunnar veitir fjölmörgum ungum barnafjölskyldum aðstoð með matarúthlutun í hverjum mánuði og einnig styrki til að börn geti haldið áfram í tólmundastarfi og námi þegar fjölskyldan er mjög tekjulág eða hefur orðið fyrir fjárhagslegu áfalli. Jónas Þórisson framkvæmdastjóri og Vilborg Oddsdóttir forstöðumaður innanlandsaðstoðar Hjálparstarfs kirkjunnar veittu styrknum viðtöku.

# Um 71% af bókatitlum prentaðir á Íslandi

Bókasamband Íslands hefur gert könnun á prentað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2010. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 71 prósentustig en dragast saman um 8 prósentustig milli ára. Árið 2009 var um að ræða hæsta hlutfall á prentun bókatitla innanlands frá því að könnun þessi var gerð fyrst árið 1998 eða um 79 prósentustig en í ár er um næsthæsta hlutfall að ræða.

Heildarfjöldi bókatitla er 710 í Bókatíðindunum í ár en var 673 árið 2009 og árið 2008 var fjöldi bókatitla 710.

Skóðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Þar kemur fram að stór hluti barnabóka er prentaður erlendis en það er m.a. vegna þess að samþrent er algengt í útgáfu barnabóka þar sem prentað er sameiginlega fyrir mörg lönd.

Eftirfarandi niðurstöður eru úr þeim samanburði:

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 198; 148 (75%) eru prentaðar á Íslandi og 50 (25%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 186; 175 (94%) prentuð á Íslandi og 11 (6%) prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 123; 100 (81%) prentaðar á Íslandi og 23 (19%) prentaðar erlendis.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 203; 84 (41%) prentaðar á Íslandi og 119 (59%) prentaðar erlendis.

Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2009

Árið 2010	Fjöldi titla	%
Ísland	507	71,4
Asía	130	18,3
Evrópa	73	10,3
<b>Samtals</b>	<b>710</b>	<b>100</b>

Árið 2009	Fjöldi titla	%
Ísland	529	78,6
Asía	63	9,4
Evrópa	47	7,0
Önnur norðurlönd	34	5,0
<b>Samtals</b>	<b>673</b>	<b>100</b>

## Jóla-kaffi eldri félaga

Sunnudaginn 12. desember var eldri félagsmönnum FBM boðið á jóla-skemmtun í félagsheimilinu Hverfisgötu 21. Boðið var upp á kaffiveitingar, barnakór Hlíðaskóla kom og söng jólalög fyrir gesti og síðan las Guðrún Ögmundsdóttir upp úr bók sinni *Hjartað ræður för*





# 30 ára afmæli FBM

Laugardaginn 6. nóvember var haldið opið hús í félagsheimilinu Hverfisgötu 21. Tilefnið var 30 ára afmæli félagsins. Félagsmenn komu þá saman og nutu veitinga. Georg Páll Skúlason hélt ræðu og stiklaði á stóru í sögu félagsins og minnti á þau réttindi sem hafa áunnist á þessum 30 árum. Sýndir voru gripir og málverk í eigu félagsins, Ari Eldjárn var með uppistand og Jakob Viðar Guðmundsson, prentari, sá um tónlistarflutning.



# RGB verkefni Iðunnar

Um mitt árið 2008 var settur saman vinnuhópur á vegum Samtaka iðnaðarins sem fékk það verkefni að leita leiða til að einfalda og bæta vinnu hönnuða og ljósmyndara í forvinnslu fyrir prentun. Verkefnið fékk vinnuheimið RGB-vinnsluferli, og eins og nafnið ber með sér gekk það út á að hverfa frá hina flókna CMYK vinnulagi, þar sem prentsmiðjurnar réðu fremur litlu um hina endanlegu útkomu prentgripa. Hópurinn var í fyrstu skipaður þeim Birni Fróðasyni frá Odda, Guðmundi Jónssyni frá Ísafoldarprentsmiðju, Ólafi Brynjólfssyni frá Morgunblaðinu og Þorgeiri Vali Ellertssyni frá Svansprenti, en síðar bættist Jón Sandholt frá Tækniskólanum við í hópinn.

Eitt af helstu markmiðum hópsins var að prentsmiðjur réðu meiru um hina endanlegu útkomu en verið hefur nú síðustu árin. Auk þess var leitast við að ekki fælist í þessari breytingu aukakostnaður fyrir prentsmiðjurnar varðandi kaup á vél- eða hugbúnaði. Á vordögum 2009 skilaði hópurinn af sér fullmótuðum tillögum, eftir að þær höfðu verið prufukeyrðar og lagfærðar eins og kostur var á.

Síðastliðið ár hefur þetta breytta verklag verið kennt ítarlega í gegnum IÐUNA-fræðslusetur, í húsakynnum Tækniskólans, í prentsmiðjum, auglýsingastofum og hjá útgáfufyrirtækjum. Nú hafa á sjötta hundrað manns sótt námskeiðin og segja má að þessi mikla breyting, sem sumir nefna byltingu, hafi heppnast mjög vel og án teljandi hnökra og hafi verið afar vel tekið.

Ákveðið hefur verið að festa þessa breytingu enn frekar í sessi og fyrirhugað er að halda áfram næsta vetur með námskeið með svipuðu sniði. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Björn Sigurjónsson sviðsstjóra prentæknisviðs IÐUNNAR fræðslusetur, sími 590 6400, sem gefur frekari upplýsingar, eða Ólaf Brynjólfsson í síma 615 2594.



Starfsfólk Héraðsprent á Egilstöðum ásamt Ólafi Brynjólfssyni.



Starfsfólk Prentsmiðjunnar Eyrúmar í Vestmannaeyjum

## Stofnun Skills Ísland

Mánudaginn 15. nóvember sl. voru samtökin Skills Ísland (leitað er að íslensku heiti á samtökin) stofnuð með formlegum hætti.

Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra setti stofnfundinn við hátíðlega athöfn í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Stofnaðilar að samtökunum eru Bílgreinasambandið, Félag bókagerðarmanna, Iðnaðarmannafélag Reykjavíkur, Iðnmennt, MATVÍS, Meistarasamband byggingarmanna, Rafiðnaðarsambandið, SAF, Samiðn,

Samtök iðnaðarins, SART og VM. Stjórn var kosin til næstu tveggja ára, hana skipa Björn Ágúst Sigurjónsson formaður, Ólafur Jónsson og Þór Pálsson. Varamenn eru Ingi Bogi Bogason og Georg Páll Skúlason.

Markmið samtakanna eru að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar; bæta ímynd greinanna; halda keppnir í greinunum; vekja athygli á tækifærum sem felast í námi og störfum í iðn- og starfsgreinum og að vera samstarfsaðili við erlenda aðila sem vinna að sömu markmiðum.







Sigrún Sæmundsdóttir, Anton Ingi Þorsteinsson, Aðalsteinn Örnólfsson, Filippus Gunnar Árnason, Hilmar Þorkelsson, Valgerður Þórisdóttir, Bjarney S. Sigurjónsdóttir og Fjölnir Daði Georgsson.

## Hilmar Þorkelsson meistari FBM í golfi

Miðdalsmótið, golfmót Félags bókkagerðarmanna, fór fram á golfvelli Dalbúa í Miðdal 7. ágúst sl. Þetta var í fimmtánda sinn sem við höldum golfmót í Miðdal.

Að þessu sinni voru keppendur 21.

Eftir kaffiveitingar var keppendum raðað á teiga og hófst mótið kl. 10 undir stjórn Eiríks Þorlákssonar og Georgs Páls Skúlasonar. Allir þátttakendur fengu teiggjöf frá FBM, golfbolta merktir Félagi bókkagerðarmanna.

Aðalstuðningsaðili mótsins, sem og undanfarin ár, var Hvítlist. Færum við Hvítlist bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Fyrstu verðlaun með forgjöf fékk Filippus Gunnar Árnason með 71 högg, í öðru sæti var Fjölnir Daði Georgsson með 73 högg og í þriðja sæti var Hilmar Þorkelsson með 74 högg og fékk hann farandbikar félagsins, þar eð hann var efstur af félagsmönnum FBM.

Postillon bikarinn, fyrstu verðlaun án forgjafar, fékk Filippus Gunnar Árnason með 83 högg, í öðru sæti var Anton Ingi Þorsteinsson með 86 högg og í þriðja sæti var Aðalsteinn Örnólfsson með 89 högg.

Valgerður Þórisdóttir sigraði í kvennaflokki með forgjöf á 78 höggum, í öðru sæti var Bjarney S. Sigurjónsdóttir á 79 höggum og í þriðja sæti var Sigrún Sæmundsdóttir á 104 höggum.

Púttmeistari var Filippus Gunnar Árnason með 24 pútt. Lengsta teighögg karla á þriðju braut átti Anton Þorsteinsson og lengsta teighögg kvenna á þriðju braut átti Bjarney S. Sigurjónsdóttir. Næst holu á 5. braut var Filippus Gunnar Árnason.

Auk þess var dregið úr skorkortum.

Í mótslok var boðið upp á léttar veitingar sem þátttakendur nutu vel eftir frábæran og skemmtilegan keppnisdag.

Næsta Miðdalsmót verður í ágúst 2011.



Lið Litlaprents sem sigraði Knattspyrnumót FBM 2010.

## Litlaprent sigraði Knattspyrnumót FBM 2010

Knattspyrnumót FBM var haldið laugardaginn 17. apríl sl. í Haukahúsinu á Ásvöllum í Hafnarfirði. 6 lið mættu til leiks og voru liðin skipuð 5 leikmönnum ásamt varamönnum. Leiknir voru 12 mínútna leikir og léku allir við alla. Sigurvegarar árið 2010 var lið Litlaprents.

Aðaldómari mótsins var Ómar Bruno Ólafsson og mótsnefnd skipuðu: Georg Páll Skúlason, Oddgeir Þór Gunnarsson og Óskar Jakobsson.

B Félag Bókkagerðarmanna Orlofsvæfur

**Ágúst 11. Miðdal**

**Ágúst 11. Miðdal**

**Ágúst 11. Miðdal**

**Ágúst 11. Miðdal**

**Ágúst 11. Miðdal**

**Minum á orlofsvef félagsins**

[www.orlof.is/fbm](http://www.orlof.is/fbm)

## Útskrift

Útskrift nýsveina fór fram föstudaginn 11. júní, að þessu sinni var aðeins einn útskrifaður úr bókiðngreinum, Heiðrún Björt Sigurðardóttir í prentsmíð.



Heiðrún Björt Sigurðardóttir ásamt meistara sínum Jónasi Gunnarssyni í Expó og Hirti Guðnasyni formanni sveinsprófsnefndar

## Bridgemót FBM 2010

Rúnar Gunnarsson og Ísak Örn Sigurðsson sigruðu árlega tvímenningskeppni FBM sem haldin var sunnudaginn 31. október.

Fimm pör mættu til leiks. Keppt var um rétt til þátttöku á bridgehátíð Bridgesambands Íslands.

Í upphafi móts minntust félagar Trausta Finnþogasonar sem lést 4. september sl. en hann spilaði reglulega í bridgemótum FBM.

Í fyrsta sæti urðu Rúnar Gunnarsson og Ísak Örn Sigurðsson með 68 stig, í öðru sæti Jón Úlfjljóttsson og Þórarinn Beck með 63 stig og í þriðja sæti Guðjón Garðarsson og Kristján Albertsson með 59 stig. Spilastjóri var Rúnar Gunnarsson.



Verðlaumahafar F.v. Jón Úlfjljóttsson, Þórarinn Beck, Ísak Örn Sigurðsson, Rúnar Gunnarsson, Guðjón Garðarsson og Kristján Albertsson.

## Hraðskákmót FBM 2010

Árlegt skákmót FBM var haldið sunnudaginn 7. nóvember sl. 9 þátttakendur mættu til leiks. Eggert Ísólffsson var sigurvegari, með 13 ½ vinning af 16 mögulegum, í öðru sæti var Jón Úlfjljóttsson með 12 ½ vinning og í þriðja sæti var Georg Páll Skúlason með 12 ½ vinning. Tefldar voru 5 mínútna skákir, allir við alla, tvöföld umferð.



Birgir Sigurðsson, Haraldur Haraldsson og Eggert Ísólffsson skákmeistarar FBM 2010.



Jón Úlfjljóttsson, Eggert Ísólffsson og Georg Páll Skúlason.

# Rafbækur

HRÖNN JÓNSDÓTTIR

Íslenskar rafbækur hafa ekki enn litið dagsins ljós nema þá á einhverju tilraunastigi og virðist eftirspurn ekki vera mikil eða framboðið ekkert. Við Íslendingar virðumst vera fljót að taka á móti nýjungum og ættu rafbækur ekki að vera nein undantekning þar á.

Nokkrir hafa hannað búnað til að birta rafbækur og þar fara fremst í flokki Kindle frá Amazon<sup>1</sup> og Ipad frá Apple<sup>2</sup>. Þessar „tölvur“ sem fara fremstar í flokki eru mjög ólíkar. Kindle er þróað af Amazon sem voru með þeim fyrstu ef ekki fyrstir til að selja rafbækur og vera með rafrænar bækur á lager sem voru svo prentaðar eftir eftirspurn og veitti rithöfundum gríðarlegt tækifæri að gefa út bækur án þess að gera stóra samninga um útgáfur.

Kindle hefur tekið miklum breytingum frá því að hann kom fyrst út, upphaflega var hann eins og klunnaleg kilja en núna er hann innan við sentímetur að þykkt og með 6“ skjá sem hefur verið reynt að líkja sem mest eftir pappír og er með E-ink tækni<sup>3</sup>. Með þessari samsetningu er auðvelt að lesa af skjánum úti í sól sem dæmi. Hægt er að fara á netið með þráðlausu staðarneti og 3G farsímaneti en alls ekki á allar síður þar sem Kindle styður ekki alla þá tækni sem netsíður hafa. Lítið lykklaborð er á Kindle og auðvelt að skrifa minnisatriði þegar bækur eru lesnar. Þar sem Kindle hefur E-ink tækni þá sýnir það ekki liti. Líftími hleðslunnar á Kindle er mjög góður og það þarf ekki að hlaða hann nema einu sinni í mánuði óháð notkun. Amazon er mikið úrval af bókatitlum fyrir Kindle sem auðvelt er að kaupa.

Ipad frá Apple er hinsvegar svo mikið meira en bara rafbókarskjámiðill. Ipad hefur stóran margskynja snertiskjá svo hægt er að stækka myndir og texta með að draga fingurnar í sundur frá því svæði sem á að stækka og snerti lykklaborð á skjánum þegar þess þarf. Ipad hefur verið gefinn út með nýju stýrikerfi ios 4 og GPS staðsetningarbúnaði. Ipad er samt ekki fartölva því það er ekki hægt að keyra öll forrit á honum en það samt af nógu að taka. Ipad er samt ekki nema 1,3 sentímetur á þykkt

og er með baklýstan 9,7“ LCD skjá. Hægt er að vera með tölvupóst, dagatal, horfa á videó, skoða myndir og ýmis sérhönnuð skrifstofuforrit sem jafnast við Excel, Powerpoint og Word. Hægt er að vafra á netinu í gegnum þráðlaust staðarnet eða 3G farsímanet en Ipad styður ekki Flash og endist batteríð aðeins í 10 klukkustundir í notkun sem er mikið minna en Kindle. iTunes store er með mikið úrval bóka en við á Íslandi höfum ekki aðgang að þeirri búið.

Rafbækur munu koma og hefur Edda gert samning við Apple um að gefa út rafbækur<sup>4</sup> en við á Íslandi getum ekki keypt aðgang að iTunes búiðinni nema með klækjum, borga þriðja aðila þóknun fyrir að redda iTunes inneign og skrá okkur í hús einhvers staðar í Bandaríkjununum. Orðrómur hefur farið af stað um að Edda sé að vinna í því að fá iTunes store /iBookstore opnað fyrir Íslandsmarkað en það hefur víst verið í smíðum lengi. Einnig hefur Google risinn opnað rafbókabúð á netinu en það er einnig bara fyrir Bandaríkjamarkað.

Ýmis erlend áskriftartímarit hafa gefið blöðin út fyrir Ipad eða aðra rafbókamiðla en það hefur ekki reynst vel enda eru þessir útgefendur að keppa við veraldarvefinn sem er tveimur til þremur smellum frá og hefur upp á svo mikið að bjóða og því mjög vandasamt að gefa út rafrænt tímarit.

Það verður áhugavert að sjá hvað gerist og hvort aðrir bókaútgefendur muni bíða eftir að Edda útgáfa ryðji veginn eða mun einhver taka af skarið og byrja að gefa út rafbækur og hver á þá að brjóta um þessar bækur? Við þurfum að vera með í þróuninni og ekki missa af tækifærunum.

1. [www.amazon.com](http://www.amazon.com)
2. [www.apple.com](http://www.apple.com)
3. [http://www.amazon.com/dp/B002Y27P3M/?tag=gocous-20&hvadid=5729553437&ref=pd\\_sl\\_1bgvsqhhus\\_e](http://www.amazon.com/dp/B002Y27P3M/?tag=gocous-20&hvadid=5729553437&ref=pd_sl_1bgvsqhhus_e)
4. <http://www.pressan.is/VeroldMortuMariu/Lesagrein/godar-frettir-fyrir-ipad-eigendur-edda-utgafa-gerir-dreifingarsamning-vid-apple>





# Tilboð til atvinnuleitenda – hvað stendur upp úr 2 árum síðar



Undanfarin tvö ár hefur IDAN fræðslusetur efnt til tilraunaverkefna í námskeiðahaldi fyrir atvinnuleitendur. Nokkur reynsla hefur safnast í kjölfar verkefnanna sem vert er að gera grein fyrir.

**S**trax í upphafi ársins 2008, nokkru fyrir „hrun“ bar á atvinnuleysi innan einstakra iðngreina. Stór hópur iðnaðarmanna þurfti annars konar námskeið, fræðslu og ráðgjöf en vanalegt er að veita þeim sem eru í vinnu. Nokkur verkefni voru því komin á rexpöl í byrjun október 2008. Ákveðnar úrlausnir s.s. einstaklingsráðgjöf og námskeið fyrir atvinnuleitendur voru þá orðnar virkar. Náms- og starfsráðgjafar IDUNNAR, ásamt ráðgjöfum Vinnuálastofnunar, hafa tekið fjölda viðtala við iðnaðarmenn þar sem bent er á ýmsar úrlausnir, s.s. gerð ferilskrár, atvinnutækifæri og endurmenntun. Þessi ráðgjöf var veitt í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðsludeildir stéttarfélaganna. Þar að auki má nefna samstarfsaðila sem leitað var til varðandi einstök verkefni, t.d. Reykjavíkurborg, Húsafriðunarnefnd, Starfsmenntasjóð, Árbæjarsafn, ýmis fyrirtæki í málm-iðnaði, starfsmenntaskóla ofl.

## Námskeið fyrir atvinnuleitendur

Við undirbúning verkefna og námskeiða fyrir atvinnuleitendur var leitað í þann reynslubanka sem varð til á árunum 1992-1997 en þá fór atvinnuleysi í einstökum greinum iðnaðar upp í allt að 8%. Margir þeirra sem þá störfuðu að fræðslumálum höfðu mikilvæga reynslu sem nýttist vel. Þá hefur safnast mikil reynsla innan Evrópusambandsins á lausnum fyrir atvinnuleitendur, sérstaklega fyrir þá sem hafa litla eða enga fagmenntun.

Að auki var leitað eftir óskum atvinnuleitenda sjálfra um hvaða markmiðum þeir vilja ná með fræðslu, ráðgjöf og tilboðum.

Síðast en ekki síst var litið til reynslu Evrópusambandslandanna sem er miðlað í greinargerðum, skýrslum, fyrirlestrum og ráðgjöf. Þá reynslu má draga saman í þrjú lykilatriði, virkni, færni og tengslanet.

## Félagsleg og fagleg virkni

Virkni er skilgreind sem sú vinna sem framfer á námskeiðum og félagsleg virkni. Innan IDUNNAR var lögð á það áhersla að námskeiðin væru krefjandi og að verkefnið kölluðu á mikla virkni þátttakenda. Félagsleg virkni er sérstaklega mikilvæg fyrir atvinnuleitendur þar sem þeir eru í mikilli hættu á að einangrast. Þess vegna var boðið upp á morgunnámskeið frá 9-12 þar sem hver námskeiðslota spannar 5 vikur og engin hlé eru tekin milli lotna. Þátttakendur geta þannig setið námskeið alla mánudaga og miðvikudaga uns atvinna býðst. Í Völundarverki - Reykjavíkur var undirbúningsnámskeið skipulagt sem fullur vinnudagur frá kl. 9 - 16 í fjórar vikur samfleytt. Markmiðið með virkni er að rjúfa félagslega einangrun, og krefja þátttakandann um faglega virkni til að viðhalda og auka við færni.

## Aukin færni

Færni er skilgreind sem viðbót við fagþekkingu þátttakenda. Nauðsynlegt er að þátttakendur auki færni sína, til dæmis þegar smíðir læra viðhald eldri húsa, vélamenn í prentsal læra málsuðu eða prentsmiður lærir hönnun og myndskreytingar barnabóka. Dæmi um nýja færni er þegar grafískur miðlari lærir að hanna í þrívídd fyrir málmíðnað eða byggingamaður lærir að nota netið til atvinnuleitar, svo dæmi séu nefnd. Hér skiptir máli að þátttakandinn öðlist raunverulega færni sem skiptir máli á vinnumarkaði. Þetta kallar á að tæki og hugbúnaður séu af nýjustu gerð sambærileg því sem notað er á framsæknum vinnustöðum. Í Völundarverki var húsasmíðum kennt verklag og handverk við viðhald og viðgerðir á gömlum húsum. Þótt tæknin sé „gömul“ var kennt á nýjustu verkfæri og nútíma efni og aðferðir notaðar. Í „Hannað í málm“ lærðu þátttakendur að hanna með AutoCad þrí-

EFTIR BJÖRN M. SIGURJÓNSSON OG ÓLAF ÁSTGEIRSSON

HÖFUNDAR ERU SVIÐSSTJÓRAR HJÁ IDUNNI FRÆDSLUSÉTRI



víddarhönnunarforriti og nýttu sér nýjustu laser skurðartækni við útfærslu smíðisgripa.

## Tengslanet

Tengslanet er skilgreint sem þekking á starfs- grein og að einstaklingur geri sig sýnilegan á vinnumarkaði. Fyrir atvinnuleitendur í iðnaði skiptir máli að þekkja viðkomandi iðnað. Það má byggja upp tengslanet á margvíslegan hátt en allar leiðir til þess eiga það sammerkt að stuðla að beinum kynnum milli atvinnuleitenda og atvinnurekenda. Í verkefninu „Hannað í málm“ voru þátttakendur settir í verkefni inni á gólfi málmíðnifyrirtækjanna. Í bókahönnun var þátttakendum gefinn kostur á að hitta bókaútgefendur og kynna sig og sín verk fyrir þeim sem kaupa slíka hönnun.

Þessu til viðbótar má nefna almenn námskeið þar sem þátttakendur lærðu aðferðir við að halda utan um verkefni sín og kynna þau sem sitt handbragð. T.d. lærðu byggingarmenn að halda skrá yfir verkefni, taka myndir af þeim og varðveita á neti eða í möppu. Markmiðið með þessu er að þátttakendur kynnist því hvað hvað markaðurinn biður um, hvað þátttakandinn getur boðið upp á og hvernig æskilegt er að leggja fram sín verk.

## Árangurinn lofar góðu

Strax frá ársbyrjun 2008 hóf IÐAN að vinna á þeim nótum sem hér að ofan var lýst. Hlutverk IÐUNNAR sem umsjónaraðila er þar að auki að skapa andrúmsloft og umhverfi sem styður við markmið verkefnanna, að hjálpa atvinnu-

leitendum að komast aftur inn á vinnumarkaðinn.

Árangur af þessari vinnu hefur verið góður og í sumum tilfellum framar vonum. Fylgst er með afdrifum þeirra sem sækja námskeið og sem betur fer auðnast mörgum að fá vinnu að þeim loknum. Í einstökum verkefnum hefur árangurinn verið framar vonum þar sem allir þátttakendur hafa komist í vinnu og getað nýtt nýja færni og þekkingu.





# Stjórn FBM 2010-2011



Georg Páll Skúlason,  
formaður



Oddgeir Þór Gunnarsson,  
varaformaður



Þorkell S. Hilmarsson,  
gjaldkeri



Stefán Ólafsson, ritari



Anna Helgadóttir,  
meðstjórnandi



Óskar Jakobsson,  
meðstjórnandi



Páll Reynir Pálsson,  
meðstjórnandi



# Trúnaðarráð FBM 2010-2012



Erna Jensen,  
Vörumerking



Gréta Ösp Jóhannesdóttir,  
Hvíta húsið



Guðmundur S.  
Ásmundsson



Hallgrímur P. Helgason,  
Ísafoldarprentsmiðja



Helgi Jón Jónsson,  
OPM



Hrönn Jónsdóttir,  
Umslag



Ingólfur Þorsteinsson,  
Morgunblaðið



Jakob Viðar Guðmundsson,  
Umslag



Kristján S. Kristjánsson,  
Plastprent



Ólafur Sigurjónsson,  
Hjá Guðjóni



Páll Heimir Pálsson,  
Ásprent-Stíll



Reynir S. Hreinsson,  
Litlaprent



Reynir Samúelsson





Róbert Ericsson,  
Prentmet



Sigrún Karlsdóttir,  
Prentsmiðjan Oddi



Sigurður Valgeirsson,  
365 miðlar



Stefán Sveinbjörnsson,  
Prentmet



Tryggvi Þór Agnarsson,  
Plastprent

# Trúnaðarmenn FBM 2010-2012



Harpa Grímsdóttir,  
Morgunblaðið



Guðmundur Gíslason,  
Prentmet



Hjörtur Guðnason,  
Ísafoldarprentsmiðju



Þór Marteinson,  
Plastprent



Sigurður Sigurjónsson,  
Svansprent



Ólafur Sigurjónsson,  
Hjá GuðjónÓ



Örlygur Sigurbjörnsson,  
Prenttækni



Óskar R. Jakobsson,  
Litlaprent



Baldvin Viðarsson,  
OPM



Emil H. Valgeirsson,  
Hvíta húsið



Heiðbjörg Ingvarsdóttir,  
Landsprent



Sigrún Karlsdóttir,  
Prentsmiðjan Oddi



Sveinn Vignisson,  
OPM



Erna Jensen,  
Vörumerking



Jakob Viðar Guðmundsson,  
Umslag



Snæbjörn Þórðarson,  
Ásprent



Guðjón Gardarsson,  
Prentmet

# Starfsendurhæfingasjóðurinn **VIRK**



Félag bókagerðarmanna hefur ráðgjafa í starfsendurhæfingu í samstarfi við Starfsendurhæfingasjóðinn VIRK. Ráðgjafi félagsins er Alda Ásgeirsdóttir, sem tók við því starfi af Sigrúnu Sigurðardóttur. Aðsetur Öldu er í Borgartúni 30, Reykjavík, 6. hæð.

## Helstu verkefni sjóðsins eru að:

- Skipuleggja ráðgjöf og þjónustu fyrir starfsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist
- Stuðla að snemmbæru inngripi í starfsendurhæfingu í samstarfi við sjúkrasjóði og atvinnurekendur
- Fjármagna ráðgjöf og fjölbreytt endurhæfingarúrræði sem stuðla að aukinni virkni og endurkomu til vinnu hjá starfsmönnum sem búa við skerta vinnugetu, Þessi þjónusta er til viðbótar því sem þegar er veitt af hinni almennu heilbrigðis- og velferðarþjónustu í landinu
- Stuðla að fjölbreytni og auknu framboði úrræða í starfsendurhæfingu
- Byggja upp og stuðla að samstarfi allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu viðkomandi einstaklinga
- Hafa áhrif á viðhorf og athafnir í samfélaginu til að stuðla að aukinni virkni starfsmanna
- Styðja við rannsóknir og þróunarvinnu á sviði starfsendurhæfingar.

Nú starfa 23 ráðgjafar í starfsendurhæfingu á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaga um allt land, en samkvæmt samningi við

VIRK. Þeir eru staðsettir hjá stéttarfélagunum. Á heimasíðu sjóðsins [www.virk.is](http://www.virk.is) eru upplýsingar um nöfn, staðsetningu, símanúmer og pósthöfn allra ráðgjafanna.

Alda kom til starfa í apríl sl. og tilheyrir hópi ráðgjafa sem starfa innan Starfsendurhæfingasjóðs, sem komið var á fót að tilstuðlan aðila vinnumarkaðarins og fjármögnuð af launategdum gjöldum atvinnurekenda. Sjóðurinn starfar undir merkjum VIRK og helsta markmiðið með honum er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku; með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Hlutverk Öldu er að aðstoða þá félagsmenn sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Hún hvetur þá sem hafa verið fjarverandi frá vinnu í lengri tíma, vegna veikinda eða heilsutengdra hindrana (andlegra, líkamlegra eða félagslegra) að kynna sér þau úrræði sem sjóðurinn hefur upp á að bjóða.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu sjóðsins [www.virk.is](http://www.virk.is) og í síma 535 5700, eða hjá Öldu Ásgeirsdóttur, [alda@lifeyrir.is](mailto:alda@lifeyrir.is).

## STEFÁN HERMANSSON HÚSASMÍÐAMEISTARI

# Ráðgjafinn bjargaði lífi mínu

„Ráðgjafinn bjargaði lífi mínu. Ég er ekki viss um að ég væri ofan jörðu hefði ég ekki notið frábærrar aðstoðar hans. Lífsviðhorf mitt er allt annað og ég lít nú framtíðina björtum augum.“


Þetta segir Stefán Hermannsson húasmíðameistari sem varð að loka fyrirtæki sínu í kjölfar hrunsins 2008. „Ég var ásamt öðrum með fyrirtæki sem þjónustaði byggingariðnaðinn en hann datt út í heilu lagi við hrunið. Fyrirtæki sem við höfðum unnið lengi fyrir og áttum inni hjá lentu í greiðslustöðvun. Við réðum ekki við þetta og í janúar 2009 lokuðum við fyrirtækinu sem varð svo gjaldþrota.“

Að sögn Stefáns fór hann á atvinnuleysisbætur og sótti um fjölda starfa. „Það var hins vegar ekkert að fá. Ég koðnaði niður. Ég var bara heima undir sæng og reyndi að láta mig hverfa. Ég

átti jafnframt við áfengisvanda að stríða og svo kom að því að ég gerði mér grein fyrir því að ég yrði að fara í meðferð.“

## Reif mig niður

Ákvörðunina tók Stefán síðla sumars 2009. „Fyrir áfengisjúkling er það rosalegt uppgjör á lífinu og erfiður þröskuldur að fara yfir. Það keyrði mig alveg niður í götu. Ég sökk dýpra og dýpra. Ég reif mig niður fyrir það hvað ég hefði verið vondur við fólk alla ævi og valtað yfir það með frekju, stjórnmáli og hroka. Mér fannst ég ekki eiga neitt gott skilið og á mig sóttu sjálfsvígshugsanir. Jafnframt var ég allur undirlagður af verkjum sem voru afleiðingar bílveltu sem ég lenti í árinu áður. Ég vissi



eiginlega ekki hvað ég ætti að gera og labbaði bara um bæinn sem sjálfsgaet gerði mér gott. Ég eignaðist svo hund og reyndi að fara með hann út til að halda mér gangandi en réð ekki við neitt meira.“

Stefán segir eiginkonu sína hafa bent sér á þjónustu Starfsendurhæfingarsjóðs. „Hún hafði kynnst starfseminni í gegnum vinnustað sinn og hvatti mig til þess að hafa samband við ráðgjafa. Ég svaraði játandi en lét ekki verða af því. Ég taldi mig meira að segja ekki eiga rétt á þjónustu sjóðsins. Á frídegi sínum síðastliðað vor stakk hún upp á því að við færum saman á skrifstofu sjóðsins og ég samþykkti það.“

## Frábærar móttökur

Hjá Starfsendurhæfingarsjóði var afar vel tekið á móti þeim, að því er Stefán greinir frá. „Þar tók yndislegt fólk á móti okkur. Pantaður var tími fyrir mig hjá Öldu Ásgeirsdóttur, ráðgjafa í starfsendurhæfingu hjá stéttarfélagum í Borgartúni 30. Við fórum beint frá skrifstofu Starfsendurhæfingarsjóðs til Öldu. Það vildi nefnilega svo til að flug sem hún hafði ætlað í hafði lagst niður vegna gossins í Eyjafjallajökli. Hún var sem sagt með óbókadan tíma þess vegna.“

Móttökurnar hjá Öldu voru ekki síðri en á skrifstofu Starfsendurhæfingarsjóðs, að sögn Stefáns. „Það var yndislegt að tala við hana. Hún togaði ýmislegt upp úr mér. Hún spurði til dæmis hvað ég hefði fengist við og hverju ég hefði gaman af. Ég skildi nú ekki til hvers hún var að spyrja um það en mér þótti vænt um að hún skyldi sýna mér áhuga. Hún benti mér á ég byggji yfir ákveðnum styrk og hefði ýmsa möguleika. Ég varð hissa því að ég vissi ekki til þess.“

## Gríðarleg hjálp

Eftir samráð við Stefán pantaði ráðgjafinn tíma hjá sálfræðingi fyrir hann. „Ég fann að eitthvað þyrfti að gerast og samþykkti það. Sálfræðingurinn passaði mér reyndar ekki þannig að Alda

pantaði tíma hjá öðrum sem ég var eiginlega sjálfur búinn að finna. Þessi sálfræðingur hjálpaði mér gríðarlega mikið. Ég væri ekki sá sem ég er í dag ef ég hefði ekki notið þjónustu hans og Öldu. Eftir nokkra tíma var mig farið að langa til þess að vinna og það fannst mér í raun ótrúlegt. Ég hafði ekki haft löngun til þess þótt ég hefði sótt um störf. Það gerði ég bara til þess að sýna virkni.“

Jafnframt því sem Stefán sótti tíma hjá sálfræðingi sér að kostnaðarlausu fór hann á námskeið sem nefnist Átta vikur í vellíðan. „Þar var meðal annars kennd næringarfræði og farið í gegnum litróf tilfinninganna. Þetta var mjög gagnlegt.“

Áður en Stefán leitaði til Öldu ráðgjafa hafði hann sótt um endurhæfingu á Reykjalundi vegna verkjanna í líkamanum. „Ég fór þangað í lok ágúst og kom út án þess að finna til. Ég hef aldrei áður verið verkjalaus. Það gerast hreinlega kraftaverk á Reykjalundi. Svo útvegaði Alda mér 3 mánaða kort í líkamsrækt. Ég fer í líkamsræktina nokkrum sinnum í viku og fer svo auðvitað út að ganga með hundinn á hverjum degi.“

## Kominn með vinnustofu

Stefán hefur í gegnum tíðina teiknað og málað og verið með aðstöðu til þess heima. Nú er hann búinn að koma sér upp vinnustofu úti í bæ. „Þótt ég hafi alltaf verið smíður hefur mig alla tíð dreymt um að fást við myndlist. Alda hvatti mig til þess að halda áfram á þeirri braut og ég fór að leyfa mér að trúá því að þetta væri það sem ég ætti að fást við. Ég hélt meira að segja myndlistarsýningu í sumar og núna stefni ég að því að sækja um í Listaháskólanum. Ég hef öðlast sjálfstraust aftur.“

Þótt Stefán sé núna verkjalaus og finnst sem hann sé orðinn ungur á ný er hann ekki búinn að ná fullri starfsorku. „Ef ég held áfram á þessari braut kemur að því að ég fæ hana. Á meðan ég hef þetta lífsviðhorf sem ég hef þá eru mér allir vegir færir. Starfsendurhæfingarsjóður var tæki sem kom mér af stað og Alda fylgdist vel með mér. Ég hlakka alltaf til að fara á hennar fund.“



# Grillað í Goðalandi

ÓLAFUR H. HANNESSON

**M**iðvikudaginn 18. ágúst 2010, kl. 9 stundvíslega, hófst hin árlega ferð eldri prentara og maka þeirra frá Umferðarmiðstöðinni í Vatnsmýrinni. Farið var á tveimur fjallarútum frá Sæmundi í Borgarnesi. Þátttakendur voru rúmlega 90 og er það næst fjölmennasta ferð þessa hóps. Fyrsti áfangi var Hlíðarendi á Hvolsvelli, sem er nýr og glæsilegur veitingastaður við Þjóðveginn.

Þar var sporðrennt grilluðum pylsum með eða án beikons, samlokum, kaffi o.fl. Stefnan var tekin á Bása í Þórsmörk. Ekið var yfir Markarfljót, beygt við Seljalandsfoss og Gljúfrabúa, sem sumir segja að sé fyrirmyndin að kvæði Jónasar Hallgrímssonar: „Gljúfrabúi, gamli foss, gilið mitt í klettaþröngum,“ en svo mun ekki vera, heldur er það foss á æskuslóðum Jónasar. Skömmu síðar ókum við framhjá Litla og Stóra Dímon, sem ekki eru nöfn á einhverjum óvættum, heldur merkja tví fjöll og mun komið úr latínu.



Sigmundur Hansen í íslenski öræfakýrri.

Eyjafjallajökull blasti nú við, kolsvartur af ösku í kringum toppgíginn. Gígjökull er að mestu horfinn og hægt að ganga þurrum fótum yfir lónið, sem áður var aðalfarartálminn inn í Þórsmörk. Leiðin inn í Bása, sem eru í Goðalandi, liggur yfir nokkur vatnsföll. Árnar voru ekki vatnsmiklar, en höfðu grafið sig niður. Straumurinn reif öskuna og sandinn með sér, en skildi stórgrýtið eftir. Ákveðið var að skilja aðra rúttuna eftir, en fara 2 ferðir á hinni, sem var eldri og styttri og hentaði því betur í baráttunni við grjótið. Áætlunin tókst með ágætum. Útsjónarsemi og klókindi höfðu sigrast á efiðri þraut og allir komust yfir.

Komið var í Bása upp úr hádegi í fallegu veðri og rösk sveit fararstjóra dreif í því að koma á veislu úti í guðsgrænni náttúrunni. Brauð og ávextir eins og hvern lysti með svaladrykkjum og grilluðum pylsum með eða án beikons, sem er nýjasti grillsmellurinn núna. Skálavörðurinn á staðnum flutti fróðlegt

erindi um Bása og Goðalandið yndislega og skýrði hvernig landið kom undan hamförunum.

Eftir þægilega og hrífandi dvöl í þessum sunnlenska fjallasal var haldið til baka framhjá sundurrifnum jöklinum, sem lá eins og gjörsigraður glímumaður eftir ramma glímu við íslenskar tröllskessur

Leiðsögumaður kom inn í rúturnar til skiptis þegar nálguðust mannheimar og flutti fróðlegt og skýrt erindi um svæðið nú og aðallega áður, þegar kappar eins og Gunnar á Hlíðarenda og andstæðingar hans riðu um héruð. Hann benti á að hólmanum þar sem Gunnar sneri aftur, hefði verið hlíft í öllum hamfarahlapunum, svo að sennilega hefur málstaður hans fallið landvættunum vel í geð.

Eyjafjallajökull er eldkeila og rís hæst 1.666 metra yfir sjó. Síðast gaus úr jöklinum 1821-23. Flóð braust fram undan skriðjökli úr norðanverðum jöklinum. Það stóð aðeins yfir í 3



Georg formaður þakkar móttökurnar í Básum í Goðalandi.

klukkustundir, en var ægilegt meðan á því stóð. Flæddi það yfir allt láglendi hlíða á milli, þannig að hvergi örlaði á steini milli Eyjafjalla og Fljótshlíðar

Þeim sem búa þarna, þykir vænt um sveitina sína og vilja hvergi annars staðar búa. Einu sinni þegar við hjónin vorum í Rómaborg í hópferð, sem enginn ætti að sleppa, hittum við nokkra hressa íbúa Eyjafjallasveitar. Ég spurði einn á aldur við mig, hvað hann væri gamall. Hann svaraði með vísu:

Ég er ern og á mér von  
við Eyjafjöllin fögur.  
Ólafur heiti ég Ólafsson,  
árgerð tuttugu og fjögur.

Lokaáfanginn á leið okkar var Hótel Rangá, sem er glæsilegt ferðahótel á heimsmaelikvarða, það besta í Evrópu, ég fer ekki



Beðið eftir ráðu á aurunum við Krossá. Sæmundur Árnason, Guðrún Eyberg, Birgir Jónsson og Grétar Sigurðsson.



Beðið eftir grillveislu í Básun.

lengra. Þar var sest að kvöldverði, í forrétt var afar girnileg fiskisúpa með humar og rækjum og fiski. Aðalrétturinn var íslenskt lambakjöt, afar ljúffengt.

Þegar við gengum út í fegurð haustkvöldsins, mett og sæl, voru tvær íslenskar þyrlur að lenda í túnfætinum með hóp erlendra, svangra laxveiðimanna á leið í kvöldmat.

Góður félagsskapur er gulli betri. Þessi hópur hefur haldið saman gegnum árin. Einn og einn hægir á sér eða hverfur á braut, en alltaf bætast nýir félagar í hópinn. Einn af þeim, sem hvarf núna, var öðlingurinn Skúli prentari Helgason, sem gladdi alla með návist sinni, fróðleik og vináttu. Hans er sárt saknað. Ég sá tvo, sem voru að koma í fyrsta sinn, fullir tilhlökkunar að hafa fengið réttindin. Þó að menn séu orðnir lögleg gamalmenni, er ekki þar með sagt að allt sé búið og ekkert hægt að gera. Öll æviskeiðin hafa sín tækifæri og fegurð, það síðasta getur oft verið það besta.

Í Hávamálum stendur:

Haltur ríður hrossi,  
hjörð rekur handarvanur  
daufur vegur og dugir  
blindur er betri  
en brenndur sé,  
nýtur manngi nás.

Ekið var af stað heimleiðis kl. rúmlega 7 og komið til Reykjavíkur kl. 9 eftir 12 tíma útivist. Fjallabílarnir voru frá Sæmundi í Borgarnesi, sem oft hefur flutt okkur um eyjuna fögru. Sæmundur sjálfur ók annarri rútunni. Við þökkum vaskri sveit fararstjóra undir öruggri og mildri stjórn Sæmundar hins landsfræga bílstjóra og Georgs formanns okkar



# Náms- og starfsráðgjöf **IÐUNNAR**

Skrifstofa náms- og starfsráðgjafar er í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2, 2. hæð og er opin alla virka daga frá kl. 9 - 16. Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa á þeim tíma eru eftir samkomulagi. Einstaklingar geta bókað viðtal í síma 590-6400 eða með tölvupósti til náms- og starfsráðgjafa. Rafrænar fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið [radgjof@idan.is](mailto:radgjof@idan.is). Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál.

## Iðnnemar – sveinar nýsveinar – meistarar

Hlutverk náms- og starfsráðgjafar IÐUNNAR fræðsluseturs er að veita iðnmenntuðum einstaklingum og iðnnemum margvíslegan stuðning og þjónustu á meðan á námi stendur og í starfi. Markmið ráðgjafarinnar er að stuðla að auknum árangri og vellíðan í námi og starfi.

### Náms- og starfsráðgjöfin sinnir:

- Raunfærnimati.
- Áhugasviðsgreiningu.
- Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað.
- Námsstækni.
- Ráðgjöf um vinnubrögð í námi.
- Ráðgjöf um prófkviða, streitu og sjálfstyrkingu.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval.
- Ráðgjöf um atvinnuumsóknir.
- Sérúrræði í sveinsprófi vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika.
- Kynningum á iðn- og starfsnámi.

*Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál.*

## Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað er samstarfsverkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og IÐUNNAR fræðsluseturs. Ráðgjöfin er fyrirtækinu og einstaklingnum að kostnaðarlausu. Sá sem nýtir sér ráðgjöfina fær aðstoð við markmiðssetningu, aðstoð við að styrkja sig persónulega og í starfi. Jafnframt aðstoðar ráðgjafinn einstakling með starfsþróun hans og næstu skref í endurmenntun.

Nánari upplýsingar um verkefnið Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og framkvæmd þess er hægt að finna á <http://idan.is/radgjof>.

## Bættu um betur

### – raunfærnimat

### IÐUNNAR fræðsluseturs

IÐAN fræðslusetur og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eru í samstarfi um framkvæmd raunfærnimats í iðngreinum og gengur þróunarverkefnið undir vinnuheitinu, Bættu um betur. Raunfærnimat er tilvalið fyrir einstaklinga sem eru tilbúnir að leggja á sig vinnu, hafa verið duglegir að leita sér þekkingar og færni á sínu sviði og hafa ákveðin markmið að leiðarljósi. Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati er 25 ára lífaldur og 5 ára staðfest starfsreynsla. IÐAN fræðslusetur hefur metið raunfærni tæplega 400 einstaklinga í 16 greinum. Þessi leið hefur skilað góðum árangri þar sem margir þátttakendur raunfærnimatsins hafa haldið áfram námi og lokið sveinsprófi einu ári eftir að matinu lauk.

Frekari upplýsingar um Bættu um betur og næstu verkefni er hægt að nálgast á <http://idan.is/radgjof>.

## Strong áhugasviðs- könnun og „Í leit að starfi“

IÐAN – fræðslusetur býður upp á tvær áhugasviðskannanir, Strong og Í leit að starfi. Strong (Strong Interest Inventory) er elsta og mest rannsakaða áhugasviðspróf í heimi. Milljónir manna víða um heim nota niðurstöður þess til þess að auðvelda val á námi og starfi. Á Íslandi hefur þetta próf verið í notkun frá árinu 1986.



Edda Jóhannesdóttir.  
[edda@idan.is](mailto:edda@idan.is)



Erna G. Árnadóttir.  
[erna@idan.is](mailto:erna@idan.is)



Strong hentar einstaklingum sem eru 20 ára og eldri.

Í leit að starfi (LS) er íslensk stöðlun og staðfæring Brynhildar Scheving Thorsteinsson á bandarísku áhugasviðskönnuninni Self-Directed Search (SDS). Það er eitt mest notaða áhugasviðspróf í heimi. Í leit að starfi hentar einstaklingum sem eru yngri en 20 ára.

#### Ávinningur:

Þú finnur störf og starfsumhverfi, sem líklegast er að þú verðir ánægð(ur) með. Þú finnur námsleiðir, sem henta þínu áhugasviði.

Þú finnur hverjar tólmstundir þínar geta verið.

Þú færð almennt yfirlit yfir áhugasvið þitt. Þú færð greiningu á stjórnunar- og sam-

skiptastíl þínum og hversu vel þér fellur að taka áhættu.

Áhugasviðskönnunin Strong kostar kr. 9.500. Í leit að starfi kostar kr. 2.500, en er aðilum innan IÐUNNAR að kostnaðarlausu.

### Sérúrræði í sveinsprófi og prófkviði

IÐAN fræðslusetur leitast við að veita jöfn tækifæri til náms og úrræðin miða að því að jafna aðstöðu og tækifæri fólks til náms, þar sem tekið er sanngjarnt tillit til fötlunar eða sérþarfa fólks við nám og prófun. Náms- og starfsráðgjöf IÐUNNAR fræðsluseturs hefur yfirumsjón með sérúrræðum og skal ein-

staklingur sem óskar eftir slíku gefa sig fram við náms- og starfsráðgjöfina. Vegna allra sérúrræða skal nemandi skila inn greiningu eða vottorði frá þar til bærum aðila til náms- og starfsráðgjafa. Einnig býðst sveinsprófstökum að leita til náms- og starfsráðgjafa vegna undirbúnings sveinsprófa og prófkviða.

Skrifstofa náms- og starfsráðgjafar er í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2, 2. hæð og er opin alla virka daga frá kl. 9 - 16. Viðtöl við náms- og starfsráðgjafa á þeim tíma eru eftir samkomulagi. Einstaklingar geta bókað viðtal í síma 590-6400 eða með tölvupósti til náms- og starfsráðgjafa. Raf-rænar fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið radgjof@idan.is. Farið er með öll erindi sem trúnaðarmál.

## Prenttæknistofnun gefur Tækniskólanum Apple tölvur



Georg Páll Skúlason formaður FBM, Haraldur Dean Nelson forstöðumaður upplýsingatækni- og prentsviðs SI, Baldur Gíslason skólameistari Tækniskólans, Tryggvi Jóhannsson kerfisstjóri, Bjargey Gígja Gísladóttir skólastjóri Upplýsingatækniskólans, Ómar Örn Magnússon deildarstjóri upplýsingatæknideildar, Björn M. Sigurjónsson sviðsstjóri prenttæknisviðs IÐUNNAR og Jón B. Stefánsson skólameistari Tækniskólans.

Þann 16. desember sl. afhenti Prenttæknistofnun Upplýsingatækniskólanum 19 iMac tölvur til nota við kennslu í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Tölvurnar koma sér vel því nauðsynlegt var að endurnýja tölvukost Upplýsingatækniskólans. Um leið var undirritað samkomulag milli prenttæknisviðs IÐUNNAR og Upplýsingatækniskólans um afnot prenttæknisviðs af tölvunum til símenntanámskeiða. Slíkur samningur hefur verið óformlega í gildi nú um árabil en við þetta tækifæri var fyrirkomulagið sett á

blað og undirritað af Baldri Gíslasyni frá Tækniskólanum og Birni M. Sigurjónssyni sviðsstjóra prenttæknisviðs IÐUNNAR.

Tölvurnar eru iMac með 21" skjá, 3.06 Ghz örgjörva og 500 GB hörðum disk. Þær eru nægilega öflugar til að keyra öll nýjustu forritin sem í boði eru, ekki síst við kennslu í gerð og hönnun rafbóka sem munu taka markaðinn með trompi á næstu árum.

# Gamli tíminn í offsetprentun

MARTEINN VIGGÓSSON

Í lýsingu þeirri á eldri vinnuaðferðum sem notaðar voru við undibúning prentverka sem hér fer á eftir, væri kannski eðlilegast að byrja á filmugerðinni. En mig langar að byrja að lýsa fyrsta verkinu sem mér var falið sem lærlingur í prentsmiðjunni Litbrá.

Í upphafi offsetprentunar hér á landi voru notaðar zinkprentplötur, þær voru þykkari en álplötur sem seinna komu til sögunnar og því hægt að endurnýta þær með því að eyða eldri prentfletinum og búa til nýja húð (grain) á hana. Eftirfarandi er lýsing á þeirri aðferð frá því um 1956.

Notaður var kassi á grind, ca. 25cm djúpur. Kassanum var komið þannig fyrir að hann gat hreyfst til allra hliða. Stærð fór eftir prentplötustærð, rafmótor var notaður til að hreyfa kassann. Gjarnan voru endurnýjaðar 2 plötur samtímis, þær festar á botn kassans, notaðar voru marmarakúlur, mismunandi stórar og kvartssandur sem með núningi eyddu prentfletinum við hreyfingar kassans. Sandurinn varð að vera hæfilega rakur til að ná sem bestum árangri. Þessi vinna var gjarnan unnin af lærlingum og í sérrými vegna mikils hávaða.

## Prentplata undirbúin fyrir nýtt verkefni árið 1955

Gera þurfti plötuna ljósnæma til kóþeringar negatífrar filmu á hana. Búin var til ljósnæm upplausn. Uppistaðan var Eggen Albumin, þ.e. eggjahvítuæfni, Ammonium Dichromate og Gum arabicum, þetta var leyst upp í vatni, sigtað og gert hæfilega þykkt, 14 Baumé. Verkfærið sem notað var til að gera plötuna ljósnæma var pottur með plötu í botninum, snúið af rafmótor og hitaelmenti í loki. Það fékk nafnið þylari.

Zinkplatan var fest á plötuna í botni þylarans og hún látin snúast með hæfilegum hraða, ljósnæmu upplausninni helt varlega frá miðju og út á brún, pottinum lokað og himnan látin þorna.

## Prentformurinn kóþieraður á plötuna

Notuð var negatíf filma fyrir Eggen Albumin upplausn og lampar (perur með bláum ljósgjafa) til herðingar ljósnæmu húðinni. Verkfærið sem notað var, er að mestu leyti eins og fyrir filmur í dag, vacumplöturammí, en við lýsingu voru 6 eða 8 lampar (perur) sem héngu yfir plöturammanum. Lýsingin tók langan tíma og styttist mikið þegar að kolbogalýsing var tekin í notkun. Þá var rammanum hvolfi og lýst frá botni.

Negatífið var lýst á plötuna, ljósnæma húðin harðnaði, þ.e. prentflöturinn, annað skolaðist burt með vatni. Síðan var asfalti strokið yfir myndflötinn, harða ljósnæma húðin greip asfaltið og eftir var ný prentflöturinn. Gengið var frá plötunni á hefðbundinn hátt með Gum arabicum upplausn, 14 Baumé.

## Undanfari skeytingarfólú

Þegar prentaður var formur með mörgum einingum, t.d. miðar fyrir niðursuðuvörur, voru notaðar glerplötur, því plastfólur voru ekki komnar til sögunnar. Glerplatan var gerð ljósnæm með Eggen Albumin upplausninni sem notuð var fyrir prentplötur. Frumprentformurinn settur upp, t.d. valinn mest ríkjandi liturinn í prentforminum, hann kóþieraður á glerplötuna í plöturammanum, síðan framkallað með vatni, og að lokum dyfið í litabað, sem gerði prentforminn bláan svo auðveldara var að skeyta filmurnar ofan í hann. Þar sem aðeins var gerð 1 glerplata fyrir 4 prentforma, þurfti að fjarlægja hvern lit milli plötulýsinga.

Glerplöturarnar þoldu ekki fullan þrýsting í plöturammanum og þurfti að stjórna því handvirkt. Því miður man ég ekki formúluna fyrir litabaðið, en það var blátt til þess að hafa sem minnst áhrif á ljóstyrkinn, sennilega fatalitur.

Deep-Etch prentplötur komu seinna til sögunnar en Eggen Albumin plöturarnar, sennilega um 1957. Þær voru mun end-



Kristinn Sigurjónsson og Marteinn Viggósson skoða prentörk af dagatali Eimskipafélagsins 1958-9. Litbrá annaðist prentun dagatalsins í nokkur ár.

ingarbetri og fyrir stærri upplög. Styrkurinn fólst í því að prentflöturinn var grafinn (etch-aður) í zinkið, oftast voru pösítífar filmur notaðar við plötutökuna.

Áður en innflutningur á ljósnæmhúðuðum Deep-Etch plötum hófst, voru öll efni til plötugerðar löguð (blönduð) í prentsmiðjunni. Til upprifjunar tek ég upplýsingar úr bókinni *Photography and Platemaking for Photo-Lithography* eftir I.H. Sayre. Gefin út 1959 í Bandaríkjunum. Farið er fljótt yfir og nefnd til sögunnar þau kemísku efni sem nota þurfti við plötugerðina, efnin nefnd og hlutverk, en ekki magn eða hlutföll.

Ljósnæmu himnunni (coatingu) helt á plötuna í þylara, pösítífur filmuprentformur lýstur (copier-aður) á plötuna í plöturamma. Efni í coatingunni Gum Arabic, Ammonium Dichromate og Ammonium Hydroxide. Framkallari til að leysa upp óhörnuðu coatinguna (himmuna), efni Calcium Chloride og Lactic Acid. Deep-Etch til að grafa prentflötinn í zinkið, efni Calcium Chloride og Ferric Chloride. Anhydrous alcohol og Nitric Acid til að hreinsa öll efni upp úr prentfletinum.

Lökkun er næsta skref í plötutökunni. Lakkid strokið yfir og bitur sig fast í opið zinkið, þ.e. prentflötinn. Lakkid er samansett af Telac Isopropyl alcohol og Xylol.

Coatingin leyst upp í vatni og þvegin burt. Að lokum er borið asphalt á prentflötinn og platan varin gegn oxíðeringu með Gum arabicum.

Um árið 1959 komu á markaðinn ljósnæmar zinkplötur og öll þau kemísku efni sem til þurfti. Fyrstu álprentplöturarnar voru teknar í notkun um 1962.

Offsetfilmur, það er að segja ortókrómátískar prentfilmur (strikafilmur), eru ennþá notaðar í dag þar sem ekki eru plötuskrifarar. Þær voru notaðar til ljósmyndunar á grafískum fyrirmyndum, t.d. letur-formum, þær mátti framkalla í rauðu ljósi. Pankrómátískar eða litnæmar filmur voru notaðar við litgreiningu, þær lögðust af þegar stafræna tæknin tók við.

Yfirborðsleg lýsing á litgreiningu með gömlu aðferðinni á Pankrómátískar filmur fer hér á eftir. Lýsing á myndavélinni sem notuð var kemur síðar.

Gefum okkur að fyrirmyndin sé málverk, það var kallað reflex verk, andstætt transparent (gegnsærri) litfilmur. Komið var fyrir gráskala við „originalinn“, fyrirmyndin ljósmynduð á pankrómátíska (litnæma) filmu gegnum litfiltera. Rauður filter fyrir bláan lit, grænn filter fyrir rauðan lit og blár filter fyrir gulan. Fyrir svart voru allir filterar notaðir (splitfilter). Pankrómátísku filmurnar voru framkallaðar í algjöru myrkri, í bökkum við nákvæmt hitastig á framkallaranum og bakkarnir hreyfðir í jöfnum takti.

Niðurstaðan 4 negatíf á litnæma tónafilmu sem þarf að breyta í rastaprentfilmusett til prentplötugerðar. Negatífa filmusettið þurfti að vera í jöfnum density balance, sem var fenginn með mismunandi lýsingum og framköllunartíma. Svartun silfurs við lýsingu og framköllun er density filmunnar, því herra density, því minna ljósmagni hleypir hún í gegn. Density var mælt með sérstökum mælum, Densitometer, mælt



Starfsfólk Litbrár 1958-1959 frá vinstri: Kristinn Sigurjónsson, Þórólfur Ingólfsson, Rafn Hafnfjörð, Inga, Þór Erlingsson, Marteinn Viggósson, Sigríður og Rolf Hidle

var dekksta og ljósasta steppið (stigið) í skalanum og fengin density (range) mismunur. Það var mjög mikilvægt að negatífin væru í sem líkustu density, því gera þurfti pösítíf prentfilmusett eftir þeim með baklýsingu í gegnum rastafilmu eða glerrasta. Glerrastarnir voru undanfarar filmurastanna og einungis hægt að nota þá í myndavélinni með baklýsingu. Filmurastar voru notaðir á vacumborði, kontakt eða í ljósmyndavél, einnig ljósmyndastækkara. Áður en rastamyndatakan hófst þurfti að lita-leiðrétta pankrónegatífin, það var gert með pösítífum möskum af negatífum sjálfum. Rauði liturinn var leiðréttur með pösítífi af bláa negatífinu, blái liturinn var contrast leiðréttur með pösítífi af sjálfum sér, guli liturinn leiðréttur með pösítífi af rauða negatífinu. Pösítífu maskarnir voru gerðir óskarpir til að auðveldara væri að skeyta þá á negatífin, það var gert með hliðarlýsingu og mattfilmu (diffusion sheet) á milli negatífsins og maskans. Lítið apparat var notað við óskerpuna, plata með kúlulegu svo hægt væri að láta hana snúast á meðan lýst var með hliðarljósi.

Næsta skref er að búa til pösítíft rastaðar filmur af pan-negatífum það var hægt að gera með baklýsingu í myndavélinni, þá voru kolbogalamparnir settir aftan við negatífið og lýst í gegn um rastann. Ef glerrasti var notaður, var honum snúið til að fá rétta gráðu á hvern lit.

Filmurastar voru arftakar glerrastanna, þeir voru í ýmsum stærðum og ein rastafilmur fyrir hvern lit með innbyggðri snúningsgráðu, því eins og nú voru 75 fyrir blátt, 105 rautt, 90 gult og 45 svart. Þetta var einnig hægt að framkvæma með baklýsingu í myndavélinni eða í ljósmyndastækkara. Þá var negatífið minnkað í heppilega stærð fyrir stækkarann og rastatakan gerð í endanlega stærð.

Mismunandi framkallarar voru notaðir eftir um hvaða filmu var að ræða, þá þurfti að búa til í prentsmiðjunni.

Hér á eftir eru nefnd helstu efnin í framköllunum,





Þór Erlingsson við filmuskeytingu 1958-9.

ekki magn eða hlutverk. Sodium Sulphite, Paraformaldehyde, Potassium Metabisulphite, Boric Acid Hydroquinone, Potassium Bromide og Sodium Carbonate. Framkallaraefnin voru vigtuð á mjög nákvæmri vog og með koparlóðum í þeirri þyngd sem við átti, leyst upp í vatni í ákveðinni röð og geymd á flöskum þannig að líftíminn yrði sem lengstur.

Að endingu er fixerbaðið sem stoppaði framköllunina og hreinsaði burt það sem ekki hafði orðið fyrir áhrifum lýsingarinnar, efni, Sodium Thiosulphate, Ammonium Chloride, Acetic Acid, Boric Acid Crystals, Potassium Alum og auðvitað vatn.

## Myndavél sem notuð var í Litbrá um árið 1955

Myndavélin var belgur milli tveggja tréramma, á aftari rammannum var færanleg kasetta sem var hlaðin filmu í myrkraherbergi og hengd á myndavélina fyrir lýsingu. Ekkert vacumbak var í vélinni en filmunni haldið fastri í lími sem borið var á glerbak í kasettunni. Þegar það lét á sjá var límið skafið af og endurnýjað. Á fremri rammanum var linsan, sem var skiptanleg. Belginn var hægt að draga sundur og saman líkt og harmonikku, eftir hvort um stækkun eða minnkun var að ræða. Belgurinn var á hjólum sem runnu eftir járngrind sem hélt uppi myndavélinni og glerrammanum sem það sem mynda átti var fest í. Kallaðar Horizontalmyndavélar (láréttar). Ljósgefjar voru kolbogalampar á hjólum sem stilla mátti að þörfum. Seinna komu vertical (lóðréttar) myndavélar með áfestum ljósgefjum sem tóku minna rými Myndavélin í Litbrá var falleg smíð, lakkadur harðviður og kopar. Helstu hlutar hennar eru varðveittar í prentsmiðjunni Prenttækni.

Ég get ómöglega skilið við gömlu myndavélina án þess að lýsa einu af síðusta verkefnum sem ég tók þátt í að vinna í Litbrá. Sennilega árið 1967. Það voru litgreiningar á málverkum eftir Gunnlaug Blöndal, Finn Jónsson og Gunnlaug Scheving.

Við höfðum tekið í notkun Duststækkara til litgreiningar á

litfilmum og rastamyndatöku en reflex myndir voru myndaðar í þeirri gömlu á pankrómatískar filmur. Þær þurfti að minnka, svo að hægt væri að setja þær í stækkarann og stækka aftur í endanlega stærð. Þetta tókst með því færa myndavélina eins aftarlega í rýminu og hægt var, taka fyrirmyndarrammann af sledanum og festa málverkin á vegginn, þá var hægt að ná nægjanlegri minnkun pankrómatísku filmanna. Þá var komið að rastatökunni, þ.e. að stækka málverkin á pósitoifar rastafilmur í endanlega stærð. Vacumborð stækkarans var ekki nógu stórt, því þurfti að smíða nýtt. Það var leyst þannig að smíðaður var trérammi með masonit botni og efrilötu úr sama efni, hún götuð á sama hátt og vacumborð stækkarans. Til að mynda sog fyrir filmuna og rastann var notaður mótór frá plöturammannum. Borað var gat á hlið rammans fyrir stút sem passaði fyrir slöngu plöturammans, stækkarahaussnum snúið 90 gráður, nýi vacumramminn festur á vegginn andspænis stækkaranum og panfilmurnar rastaðar hver af annarri í rétta stærð. Ekki veit ég hvað orðið hefur af þessum eftirprentunum Þó hef ég séð þær hanga á vegg biðstofu á 1. hæð Borgarspítalans, ótrúlegt nokk, ágætlega lukkaðar.

Við litgreiningu litfilma, Diapósitoifa var öðrum aðferðum beitt. Oftast voru notaðir stækkarar. Fljótlega komu til sögunnar litaleiðréttingamaskar, Multimask, sem var litamaski og Verimask. Litfilman sem átti að litgreina var lýst á multimaskfilmuna, hún framkölluð í litabaði, þurrkuð og skeytt á originalinn.

Erfitt er að gleyma baráttunni við fyrirbærið Newton, það voru regnbogalitir hringir sem mynduðust við viðlöðun glers og filmu. Þá voru gerðar pankrómatísk filmunegatíf með filterum, gjarnan voru notaðir Kodak Wratten filterar, rauður nr. 25 grænn nr. 58, blár nr. 47b, og splitfilter fyrir svart, ýmist kontakt eða stækkað. Eftir pankrófilmunum voru gerð rastafilmur í endanlega stærð. Þá var gerð litaprufa af 4 rastapósitoífum til að bera saman við originalinn. Það var gert með því að kópiera (afrita) hvern lit á pósitoifar litfilmum, Colourkey, blátt rastasett



Þór Ingólfsson við prentvélina (Planeta). Verið er að prenta klæðningu bókar Dieters Roth 1958-9.

á blátt Colourkey, rautt á rautt o.s.frv. Litafilemurnar skeyttar saman á hvítan pappír, og bornar saman við originalinn. Undantekningalítið þurfti að breyta litunum í rastafilmunum, það var gert með því að breyta litstyrk rastafilmunnar. Punktastærð stendur fyrir litstyrk í þá daga. Ólíkt punktum úr tölvu í staf-rænni litgreiningu var hægt að minnka punkta gerða með gler-rasta eða filmurasta. Punkturinn er uppbyggður eins og trapísa, harður kjarni í miðju þar sem mest áhrif ljóss gætir og þynnri til jaðrana. Með því dýfa filmunni í bað úr efnunum Potassium Ferricyanide og Sodium Thiosulphate, blandað vatni, etchaðist punkturinn og liturinn minnkaði þar sem til var ætlast. Ef sá sem etchaði var ósáttur við litstyrk í hluta myndar gat hann penslað verndarlakki yfir þann hluta. Einnig var hægt að etcha með penslum einstök smá atriði. Þetta var vandasamt verk og þarfnáðist mikillar þjálfunar og reynslu.

Fyrstu kynni mín af litgreiningu var prentuð bók með litmyndum sem þurfti að endurprenta. Þá var ekki farið að

etcha filmur. Bókin var leyst í sundur og síðurnar ljósmyndaðar með litafilterum á pankrómatiskar filmur, engir maskar gerðir panfilemurnar kópíeraðar á pappír, hver litur fyrir sig. Litaleið-réttingin var gerð með grátóna þekjulit sem borinn var á með penslum ofan í myndina sem verið var að litgreina. 100 prósent litur var gerður með svörtu og svo allur gráskalinn eftir áætluðum litstyrk. Eftir að litgreinirinn hafði málað ofan í myndina með mismunandi gráu eða svörtu og jafnvel hvítu voru pappírskópíurnar ljósmyndaðar í gegn um rasta og til urðu negatíf rastasett til prentunar. Þetta verkefni var unnið ca. árið 1955. Fljótlega í framhaldi af því var farið að vinna með litaleiðréttingamaska á pankrónegatífin sem ég lýsti hér að framan.

Ástæðan fyrir því að ég er að skrá lýsingu þessara gömlu og flóknu vinnubragða í litgreiningu og prentplötugerð er, að okkur fækkar óðum sem unnum á þennan hátt og margt var vel unnið. Prentverk varð til með þessum aðferðum, hugsanlega verður í framtíðinni til prentminjasafn þar sem þessar upp-lýsingar eiga heima.

## Prentarinn, sept. 1937, 3.-4. tbl. 17. ár.

### Fyrsta pressustúlkan



Í sambandi við hið nýafstaðna 40 ára afmæli HÍP, þykir mér hlýða, að blað félagsins minnst með nokkrum orðum konu þeirrar, sem fyrst kvenna hér á landi vann að prentstörfum. Tel ég vist, að þeim mörgu konum, sem nú vinna við prentverk, þyki nokkur fróðleikur

að því, að fá vitneskju um, hver sú kona var, sem hafði áráði til þess að taka að sér starf, er karlmenn einir höfðu unnið til þess tíma.

Árið 1892, að vorlagi, kom Björn ritstjóri inn í vinnustofu Ísafoldarprentsmiðju og tilkynnti Benedíkt Pálssyni yfirprentara, að daginn eftir kæmi ung stúlka í prentsmiðjuna, og ætli hún að vinna að „ilagningu“ í stóru pressuna. Fól hann Benedíkt að kenna stúlkunni þetta verk og leiðbeina henni þar til hún hefði öðlast nægilega leikni í listinni.

Skröfuðu prentararnir talsvert um þetta,

ekki þó á þann hátt, að þeir væru þessari ráðstöfun mótfallnir eða þeim þætti að nokkru gengið á sinn hlut, því mörgum þeirra var kunnugt, að konur höfðu slíkt starf með höndum í prentsmiðjum erlendis, heldur vegna þess, að um nýbreytni var að ræða í prentstörfum hér á landi.

Stúlka þessi var ungfrú Kristjana Markúsdróttir, Gíslasonar prests í Stafafelli í Lóni. Var hún þá nýkomin til Reykjavíkur frá útlöndum. Vann hún síðan samfleytt í Ísafoldarprentsmiðju í fimm ár, eða til ársins 1897, en sneri sér þá að öðrum störfum.

Þegar skrifuð verður iðnaðarsaga Reykjavíkur, er gott að sem flestar upplýsingar finnist um þátttöku kvenna í iðnaðinum. En fyrir þennan líma stunduðu konur ekki annan iðnað en saumaskap og vefnað. Þá unnu engar stúlkur við verzlunir eða í skrifstofum, en nú skifta þær hundruðum hér í borg, sem vinna í verzlunum og verksmiðjum. Og kannske verður þess ekki langt að bíða, að þær taki að sér atvinnu-bilstjórn, lögregluþjónsstörf og fleira, sem enn eru ekki almennt talin kvennaverk.

Ágúst Jósefsson.

HERBERTSprent, Bankastræti 3, prentaði.



# PRENTARINN

IV. ÁR

FEBR. 1914.

8. BL.

## FÉLAGSDEYFÐIN.

»Það er lögmætur fundur,  
þótt ég fari, því að það er einu  
að koma upp stiganna.  
*Gamall iðkvæði.*

Mikið mein er að því, hve nauða-illa menn sækja fundi í Prentarafélaginu.

Oft og mörgum sinnum hefir það komið fyrir, að ekki hefir verið hægt að ná nógu mörgum saman á fund, og það jafnvel þótt bráðnaudsynleg mál biðu afgreiðslu fundar.

»Konu hefi eg mér festa«, »akur hefi eg mér keyptan« eru gömlu afsakanirnar, þegar verið er að nauða á mönnum að koma á fund. »Má ekki vera að því í kvöld«, »þarl að finna mann«, »ætla að skreppa snöggvast út«. Þannig smeygja menn sér hurt undir ýmsu yfirskini. Undantekningar eru þó frá þessu, og til eru þeir menn, sem sækja því nær hvern fund, en þegar þeir eru búnir að rorra hálfan eða heilan klukkutíma og biða eftir því, að hinir tinst að, einn og einn í einu, þá eru þeir orðnir leiðir, sem von er til; og heri svo til, að nógu margir komi, þá er oft öllu annaðhvort flaustrað af í einu vettangi eða visað til félagsstjórnarinnar og stundum svæft í nefnd.

Ákvæðin í lögum félagsins um lögmæti funda eru líka óþarflega ströng;  $\frac{1}{2}$  hluta félagsmanna þarf til þess, að fundur sé lögmætur.

Á síðastliðnu ári (1913) kom fram tillaga um að breyta þessu í þá átt, að ekki þyrftu nema 12 félagsmenn að koma, til þess að fundur yrði lögmætur, — og önnur tillaga

um að breyta  $\frac{1}{3}$  í  $\frac{1}{4}$ , en allt var þetta steindrepið, því að deyfðarseggirnir, sem jafnframt eru þó ráðríkir ójafnaðarmenn, vilja hindra áhugamennina frá réttmætum ráðstöfunum á málum félagsins og gera því meiri bölvun en þá eina að sækja ekki fundina, því að þeir hindra í framkvæmdum hina fáu, sem eitthvað vilja starfa og áhuga hafa fyrir félagsskapnum.

En þetta má ekki svo til ganga lengur. Menn verða að hrista af sér dodann og deyfðina og vakna til starfa að vexti og viðgangi félagsins. Það er líka mönnum sjálfum fyrir beztu, því að auk þess, sem það sannfærir þá um hina miklu kosti félagsskapar og samheldni, — þá er það líka beinn hagur hvers eins, því að það, sem einstaklingnum er ókleyft, er félagsskapnum leikur einn að framkvæma.

Á næsta hausti verður samið um kjör prentarafélagsmedlima næstu 2—4 árin, og að þeim bráðnaudsynlegu umbótum, sem þau þarfnast, fáist framgengi er ekki að alllitlu leyti undir félagsmönnum sjálfum komið eða því, hversu öflugur félagskapur þeirra er og samheldni.

Vöknum því og vinnum!

*Félagsvinur.*

## FRÓÐLEIKSMOLAR.

Prentlistarsýning mikil verður haldin í borginni Leipzig á Þýzkalandi í sumar komanda. Hefst hún í maímánuði og stendur yfir fram í septembermánuð. Verða þar





## Orlofsmál FBM

Fjölmenni lagði leið sína í Miðdalinn sl. sumar að venju og var tjaldsvæði félagsins mjög vel sótt. Þriggja fasa rafmagn var lagt á tjaldsvæðið og bætt við rafmagnsstaurum. Þetta var nauðsynlegt þar eð eftirspurn eftir að rafmagn á tjaldsvæðinu hefur aukist mikið. Gjaldskrá tjaldsvæðisins var breytt vorið 2010 en hún hafði verið óbreytt í nokkur ár. Ástæðan var sú að sumarið 2009 var algjör sprenging í aðsókn á tjaldsvæðið og ásókn utanfélagsmanna mikil, en gjald á tjaldsvæði FBM var mun lægra en á tjaldsvæðum í nágrenninu. Ljóst var að fyrir sumarið 2010 þurfti að bæta salernisaðstöðu og ráða aukastarfsmann þær helgar sem álagði var mest. Reglum var breytt og þær bættar og reynt að tryggja að gestir tjaldsvæðisins væru félagsmenn FBM eða gestir þeirra.

Félagsmenn greiða nú 1.200 kr. á tjald pr. nótt, gegn framvísun félagsskráteinis, en utanfélagsmenn greiða kr. 1.800 á



tjald pr. nótt. Ef gisti er á tjaldsvæðinu frá fimmtudegi til sunnudags, eða frá föstudegi til mánudags, er þriðja nóttin frí. Rafmagn kostar 500 kr. pr. nótt.

Félagsmönnum FBM er heimilt að taka með sér gesti á svæðið, ekki dugar að félagsmaður veiti utanaðkomandi leyfi til að tjalda ef að hann er ekki sjálfur á svæðinu. Eigendur tjaldvagna, felli- og hjólhýsa geta geymt þau á bílastæði við tjaldsvæðið á virkum dögum ef þeir ætla að koma aftur aðra helgi og greiða þá aðeins fyrir þær nætur sem að hýsið er inni á tjaldsvæðinu sjálfu. FBM tekur enga ábyrgð á hýsunum sem geymd eru á bílastæðinu. Hundahald er leyfilegt á tjaldsvæðinu. Hundur skal vera í hæfilega löngu bandi (3 metrar) og eigandnum er gert skylt að þrifa upp eftir hundinn.

Aðsókn í orlofshús og íbúðir félagsins hefur verið mjög góð allt árið í ár. Félagið opnaði orlofshúsavef í mars síðastliðnum og með því var stigið stórt skref til að auka þjónustu við félagsmenn. Þar geta þeir skoðað orlofseignir félagsins, bókað og gengið frá greiðslum með kreditkort. Vefurinn hefur mælst vel fyrir og hefur aðsókn aukist í orlofshúsin. Félagsmenn bæta nú aukadögum í auknum mæli við helgarleigu eða leigja jafnvel nokkrar nætur í miðri viku. Slóðin á vefinn er [www.orlof.is/fbm](http://www.orlof.is/fbm).

## Vinnudagurinn í Miðdal

Til fjölda ára hefur verið haldinn vinnudagur á orlofssvæði okkar í Miðdal á vegum FBM og Miðdalsfélagsins og hefur ávallt verið mjög góð samvinna á milli félaganna að standa sem best að þessum degi.

Víða má sjá ummerki um vinnuframlag á vinnudeginum, m.a. brýr yfir læki og ár og göngustíga sem við njótum öll að ganga um í því fallega umhverfi sem er í Miðdal.

Góð þátttaka hefur oftast verið á vinnudeginum og í ár var engin undantekning þar á. Hópur manna mætti við þjónustumiðstöðina okkar á tjaldstæðinu tilbúið að leggja sitt af mörkum og fengu allir úthlutað verkefnum.

Á vinnudeginum í ár var aðaláherslan á tjaldsvæðinu okkar, á meðal verkefna þennan daginn var að settar voru gúmmímottur undir öll leiktæki á svæðinu til að auka öryggi barna. Gróður var grísjaður bæði inni á svæðinu sjálfu og einnig meðfram veginum að tjaldsvæðinu. Borið var á brýr og borð og svona mætti lengi telja, allt til að bæta aðstöðuna fyrir okkur félagsmennina.

Að vinnudegi loknum gerir fólk sér smá dagamun eftir erfiði dagsins og hefur FBM boðið til grillveislu að kvöldi vinnudagsins.



Þessi brú var byggð yfir Ljósár á vinnudegi fyrir nokkrum árum. Því miður kemur fyrir að skemmdarverk eru framín á svæðinu eins og myndin ber með sér og hvetjum við félagsmenn og gesti þeirra til að ganga vel um orlofssvæðið okkar.



# MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

## EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séreignarsparnaður tryggir þér mótframlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótframlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is) eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • [lifeyrir.is](http://lifeyrir.is)